LÖGREGLUSTJÓRINN Á SUÐURNESJUM
Brekkustígur 39, 260 Reykjanesbær, sími: 444 2200

Alþingi
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Umsögn embættis lögreglustjórans á Suðurnesjum vegna þingskjals nr. 668– 436. mál.

Embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum (hér eftir nefnt LSS) lýsir hér með yfir ánægju sinni með að framangreint frumvarp um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 með síðari breytingum (bann við hefndarklámi) sé komið fram.

Að mati LSS eru þær breytingar sem reifaðar eru í frumvarpinu jákvæðar og nauðsynlegar til að taka á þeim vanda sem skapast hefur með aukinni notkun og notkunarmöguleikum internetsins. Að mati LSS hafa auknir notkunarmöguleikar internetsins, t.d. með tilkomu forrita eins instagram, snapchat og fleiri forrita m.a. leitt til þess að aukning hefur orðið í málum er varða dreifingu á ljósmyndum og myndböndum, af einstaklingum sem sýndir eru naktir eða á kynferðislegan hátt, sem ekki voru ætluð til dreifingar. Er það skoðun LSS að hið framkomna frumvarp feli í sér aukin úrræði fyrir lögreglu og ákæruvald til að takast á við mál sem upp kunna að koma og teljast til svonefnds hefndarkláms.

Áður en efnislegar athugasemdir LSS við frumvarpið verða raktar sérstaklega þykir LSS rétt að benda á að í þeim málum sem upp hafa komið hjá embættinu að undanförnu hefur oft á tíðum verið um að ræða unga gerendur og unga brotaþola. Oft á tíðum hafa bæði meintir gerendur og þolendur verið undir tvítugu, jafnvel töluvert yngri og hafa alla jafna ekki komið áður við sögu lögreglu. Í þeim tilvikum þegar um meinta gerendur og brotaþola er að ræða sem báðir eru undir 18 ára aldri en eldri en 15 ára, má segja að staða beggja sé sérstaklega viðkvæm þar sem báðir aðilar eru börn að lögum. Í slíkum tilvikum veltir LSS því upp hvort rétta leiðin til að taka á málum sem slíkum sé að rannsaka og eftir atvikum að ákæra fyrir kynferðisbrot. En slíkt getur að mati LSS verið afar þungbært, hvort heldur sem er fyrir meintan geranda og þolanda. LSS tekur því undir það sem fram kemur í athugasemdum við frumvarpið að mikilvægt sé að fræða ungt fólk um áhrif þess að dreifa ljósmyndum og myndböndum sem sína aðra aðila nakta og á kynferðislegan hátt og hafa ekki viljað að myndefnið færi til annarra en það var sent til. Að sama skapi telur LSS mikilvægt að ungt fólk fái fræðslu um ábyrgra netnotkun og þá hættu sem kann að stafa af því að senda myndir af sjálfum sér til aðila í gegnum internetið.

LSS hefur eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið eins og það liggur fyrir:

1. Í fyrstu grein frumvarpsins kemur m.a. fram að *„Hver sem flytur inn, aflar sér eða öðrum, birtir eða dreifir myndefni, ljósmyndum, kvikmyndum eða sambærilegum hlutum þar sem einstaklingur er sýndur nakinn eða á kynferðislegan hátt án samþykkis þess sem á myndunum er,...* " Að mati LSS er brýnt að í skýringum með greininni komi fram með eins skýrum hætti og hægt er hvað átt sé við með orðalaginu „án samþykkis", þ.e. að löggjafinn taki afstöðu til þess hvaða kröfur skuli gera til samþykkis. Má í þessu sambandi búa til dæmi um einstakling A sem sendir einstaklingi B ljósmynd af sér sem sýnir hann kynferðislegan hátt í gegnum forritið Snapchat. Má segja að með því að senda ljósmyndina hafi A gefið B samþykki sitt fyrir því að fá myndina og skoða hana í þann tíma sem hann hefur ákveðið, hámark 10 sekúndur. Ákveði B hins vegar að vista myndina og þannig að eiga hana má þá segja að hann hafi farið út fyrir ætlað samþykki A?

LÖGREGLUSTJÓRINN Á SUÐURNESJUM
Brekkustígur 39, 260 Reykjanesbær, sími: 444 2200

Þá telur LSS fullt tilefni til þess, í þeim tilvikum þegar bæði gerandi og þolandi eru á aldrinum 15 til 18 ára, að tekið verði tillit til þeirra sjónarmiða sem rakin eru í 4. tl. 1. mgr. 70. gr. og 2. tl. 1. mgr. 74. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og leitt geta til refsilækkunar.

Að lokum telur LSS að brýnt sé að bæta við 1. gr. frumvarpsins þannig að gert sé refsivert að búa til eða breyta ljósmyndum og öðru sambærilegu efni þannig að það falli undir 1. gr. frumvarpsins, t.d. með því að skeyta saman mynd af búk eins og andliti annars.

2. Í 2. gr. frumvarpsins kemur m.a. fram að *„Hver sem birtir eða dreifir myndefni, ljósmyndum, kvikmyndum eða sambærilegum hlutum og birting eða dreifing er til þess fallin að valda þolanda tjóni eða vanlíðan eða er lítilsvirðandi fyrir þolandann"*. Að mati LSS felur orðalagið „sem er til þess fallin að valda þolanda tjóni eða vanlíðan eða er lítilsvirðandi fyrir þolandann" í sér svigrúm til nokkurs mats. Er það reynsla LSS að refsiákvæði þar sem tilteknar matskenndar afleiðingar eru gerðar að skilyrði fyrir refsingu þess sem gefin er tiltekin háttsemi að sök eigi illa upp á pallborðið hjá dómstólum. Er það mat LSS að í þeim tilvikum þegar refsinæmi verknaðar er háð matskenndum atriðum eða matskenndri upplifun tjónþola hafi dómaframkvæmd verið sú að túlka allan vafa um slíkt þeim í hag sem gefin er að sök háttsemin. Þá er það að sama skapi mat LSS að sönnun á tjóni eða vanlíðan brotaþola og það hvort birting sé lítilsvirðandi geti verið vandasöm og ýmsum annmörkum háð einkum ef byggja á á almennum mælikvörðum eins og athugasemdir við 2. gr. frumvarpsins virðast gera ráð fyrir.

3. Að lokum veltir LSS því upp hvort að efnisinntak 2. gr. frumvarpsins rúmist ekki innan 1. gr. Þannig virðist 1. gr. frumvarpsins gera ráð fyrir því að öflun, birting og dreifing sé gerð refsiverð á meðan 2. gr. frumvarpsins fjallar einungis um birtingu og dreifingu og huglæga afstöðu þolanda.

Reykjanesbæ, 3. mars 2015,

Ólafur Helgi Kjartansson
lögreglustjóri